


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	RAL 704 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Guðmundur I Geirsson	Sk.st.	GUM
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um uppbyggingu á stærri húsveitum, raflagnir lágspennu- og smáspennulagnir. Lögð er áhersla á lagnaefni, lagnaleiðir, aðal- og dreifitöflur, lýsingarkerfi, iðnaðartengla og tengikvíslar. Ennfremur staðsetningar boðskiptakerfa í aðaltöflum í fjölbýlishúsa (loftnets-, dyrasíma-, síma- og tölvukerfi). Farið er í sérákvæði í reglugerðum varðandi raf- og smáspennulagnir. Gerð er aðaltafla fyrir iðnaðarveitu með straumspennamælingum, raf- og smáspennulögnum, lekastraumsvörn og spennujöfnun. Unnar eru tilkynninga- og mælingaskýrslur og gerðar efnis- og kostnaðaráætlanir.

Í þessum áfanga leggja nemendur einnig raflögn í sumarhús tréiðnadeildar sem byggt er við skólann. Þetta verkefni felur í sér hönnun, lagnir og allan frágang og úttekt á húsinu þannig að það verði tilbúið til afhendingar.

Markmið:

Nemandi

- þekki stærri neysluveitur
- geti efnistekið og gert tillögur að vinnutilhögun stærri verkefna
- hafi gott vald á heitum og hugtökum í stærri neysluveitum
- hafi góða yfirsýn yfir þróun boðskipta- og smáspennubúnaðar

Efnisatriði

Aðaltöflur, stofnar, heimtaugar, loftnet, dyrasímar, símkerfi, straumspennar, tölvur, greinar, greinatöflur, stofnstrengur, þrífasa tenglar, klær, hulsur, mótórar, hringrásamælir, megger, avo mælar, ljós (ýmsar tegundir), fasaröðun, lekastraumsvörn, spennujöfnun.


Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er símatsáfangi og byggist mat á vinnudagbók þar sem nemandi heldur til haga skýrslum og verkefnum sem unnin eru í tímum, auk eins bóklegs prófs.

Vinnubók skal innihalda.

- 1 Dagbók um vinnu í áfanganum bæði töflusmíði og sumarhús.
- 2 Teikningar af töflum og lögnum í sumarhúsi.
- 3 Verklýsingar og niðurstöður verkefna.

Bóklegt próf 30%, vinnubók 50% Mætingar 10%. Ástundun í tímum og mat kennara á vinnuframlagi 10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	RAL 704	Kennsluáætlun vorönn 2015

Námsgögn:

Tæknilegir tengiskilmálar Samorku og verkefni frá kennara.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Próf og verkefni
2.vika	Hönnun og smíði tafla 1 og raflagnir í bústað	
3.vika	Hönnun og smíði tafla 1 og raflagnir í bústað	
4.vika	Hönnun og smíði tafla 1 og raflagnir í bústað	
5.vika	Hönnun og smíði tafla 1 og raflagnir í bústað	
6.vika	Hönnun og smíði tafla 1 og raflagnir í bústað	Skil á skýrslu 1 og vinnubók
7.vika	Hönnun og smíði tafla 2 og raflagnir í bústað	
8.vika	Hönnun og smíði tafla 2 og raflagnir í bústað	
9.vika	Hönnun og smíði tafla 2 og raflagnir í bústað	
10.vika	Hönnun og smíði tafla 2 og raflagnir í bústað	
11.vika	Hönnun og smíði tafla 2 og raflagnir í bústað	
12.vika	Hönnun og smíði tafla 3 og raflagnir í bústað	
13.vika	Hönnun og smíði tafla 3 og raflagnir í bústað	
14.vika	Páskafrí	
15.vika	Hönnun og smíði tafla 3 og raflagnir í bústað	
16.vika	Hönnun og smíði tafla 3 og raflagnir í bústað	
17.vika	Páskafrí og lagnavinna	Skil á skýrslu 2 og vinnubók Próf
18.vika	Frágangur og tiltekt	

Dagsetning: 6.jan.2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils